



Reykjavík 10. júlí 2023

## Niðurstöður athugana á áhættumati á starfsemi vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athuganir á áhættumati á starfsemi vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í ágúst 2022. Athuganirnar beindust að sjö leyfisskyldum rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, níu skráningarskyldum rekstraraðilum sérhæfðra sjóða og tveimur lánveitendum skv. lögum um neytendalán. Niðurstöður athugananna lágu fyrir á tímabilinu janúar til maí 2023.

Markmið athugananna var að kanna hvort að áhættumat félaganna á starfsemi uppfyllti kröfur A-liðar 5. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eins og lögum var breytt með lögum nr. 62/2022. Í athugunum var ekki tekin til skoðunar aðferðafræði eða framkvæmd áhættumats á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði við athuganirnar var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að gera athugasemdir við áhættumat á starfsemi eftirfarandi félaga og krefjast viðeigandi úrbóta:

### **Algildi GP ehf.**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við aðferðafræði við gerð áhættumats á starfsemi félagsins og taldi að hún væri ekki í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018 þar sem hún lýsti ekki með fullnægjandi hætti hvaða aðferðafræði væri lögð til grundvallar til þess að komast að niðurstöðu um áhættu félagsins og byggði á takmörkuðum gögnum. Þá gerði fjármálaeftirlitið athugasemd við ófullnægjandi greiningu og mat félagsins á áhættuþáttum tengdum viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, tækni og dreifileiðum. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum viðskiptum, vörum og þjónustu og var það mat eftirlitsins að það hafi vantað dýpri umfjöllun hvað það varðar og að áhættumatið hafi ekki sérstaklega tekið mið af hættu á peningaþvætti með hliðsjón af eðli sjóða í rekstri félagsins. Að mati fjármálaeftirlitsins var áhættumat félagsins á starfsemi þess því ekki í samræmi við kröfur skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018. Þá var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að áhættumat félagsins á starfsemi þess uppfyllti ekki kröfur skv. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018 þar sem það fæli ekki í sér mat á eðlislægri áhættu, gæðum stýringa og annarra

aðferða til að draga úr áhættu og eftirstæðri áhættu og áhættuflokkun einstakra áhættuþátta.

### **ALM verðbréf hf.**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum vörum og þjónustu og var það mat eftirlitsins að í áhættumatinu hafi ekki verið að finna nægilega ítarlega umfjöllun hvað það varðar, og að áhættumatið hafi ekki sérstaklega tekið mið af hættu á peningabætti með hliðsjón af eðli sérhæfðra sjóða í rekstri félagsins. Þá hefði félagið ekki haft áhættumat ríkislögreglustjóra til hliðsjónar við matið og ekki kæmi fram í áhættumatinu hvernig komist sé að niðurstöðu um áhættu tengda vörum og þjónustu félagsins. Að mati fjármálaeftirlitsins var áhættumat félagsins því ekki í samræmi við kröfur skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

### **Greiðslumiðlun ehf.**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum viðskiptamönnum þess þar sem ekki var um að ræða fullnægjandi greiningu og mat á því hvort söluaðili teldist viðskiptamaður í skilningi laganna. Þá gerði fjármálaeftirlitið athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum vöru, þjónustu og viðskiptum þar sem ekki var skýrt hvort um tæmandi talningu á þjónustuþáttum fyrirtækisins væri að ræða í mati þess. Að mati fjármálaeftirlitsins voru þessir tveir þættir áhættumats félagsins því ekki í samræmi við kröfur skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

### **Íslandssjóðir hf.**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, tækni og dreifileiðum þar sem að matið var ekki talið fela í sér eiginlega greiningu og mat á framangreindum áhættuþáttum. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við mat á áhættuþáttum tengdum viðskiptum, vörum og þjónustu og var það mat eftirlitsins að það hafi vantað dýpri umfjöllun hvað það varðar og að áhættumatið hafi ekki sérstaklega tekið mið af hættu á peningabætti með hliðsjón af eðli sjóða í rekstri félagsins. Að mati fjármálaeftirlitsins var áhættumat félagsins því ekki í samræmi við kröfur skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018. Þá var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að áhættumat félagsins á starfsemi þess uppfyllti ekki kröfur skv. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018 þar sem það fæli ekki í sér mat á eðlislægri áhættu, gæðum stýringa og annarra aðferða til að draga úr áhættu og eftirstæðri áhættu og áhættuflokkun einstakra áhættuþátta.

**Stefnir hf.**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum viðskiptamönnum þess þar sem ekki var um að ræða fullnægjandi greiningu og mat á framangreindum áhættuþætti. Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við mat á áhættuþáttum tengdum viðskiptum, vörum og þjónustu og var það mat eftirlitsins að það hafi vantað dýpri umfjöllun hvað það varðar og að áhættumatið hafi ekki sérstaklega tekið mið af hættu á peningaþvætti með hliðsjón af eðli sjóða í rekstri félagsins. Að mati fjármálaeftirlitsins var áhættumat félagsins því ekki í samræmi við kröfur skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018. Að lokum var gerð athugasemd við að í áhættumatinu væri ekki kveðið á um uppfærslu áhættumatsins og var það ekki talið í samræmi við 6. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.

**Summa Rekstrarfélag hf.**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við mat félagsins á áhættuþáttum tengdum vörum, þjónustu og viðskiptum og var það mat eftirlitsins að í áhættumatinu hafi ekki verið að finna nægilega ítarlega umfjöllun um hvað það varðar og að áhættumatið hafi ekki sérstaklega tekið mið af hættu á peningaþvætti með hliðsjón af rekstri sérhæfðra sjóða. Þá hefði félagið ekki haft áhættumat ríkislögreglustjóra til hliðsjónar við matið og ekki kæmi fram í áhættumatinu hvernig komist sé að niðurstöðu um áhættu tengda vörum og þjónustu félagsins. Að mati fjármálaeftirlitsins var áhættumat félagsins því ekki í samræmi við kröfur skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018.